



Upplýsingar til fjölmiðla  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIMSÓKN VIKTORÍU KRÓNPRINSESSU OG DANÍELS PRINS TIL ÍSLANDS

Viktoría krónprinsessa Svíþjóðar og maður hennar, Daníel prins, verða í heimsókn á Íslandi dagana 18. og 19. júní næstkomandi.

Heimsóknin hefst formlega með því að krónprinshjónin koma ásamt sendinefnd til Bessastaða 18. júní klukkan 9:40 að morgni og eiga fund með forsetahjónum. Klukkan 10:10 munu Viktoría krónprinsessa og forseti flytja stutt ávarp á fundi með fjölmiðlum og að því loknu verður tækifæri til frekari myndatöku.

Klukkan 10:50 koma gestirnir í Hörpu, skoða bygginguna og fræðast um hana; einnig verður þar stutt kynning á hinu blómlega íslenska tónlistarlífi. Næst halda gestirnir í Norræna húsið þar sem efnt er til fundar um viðskiptatengsl landanna og hefst hann kl. 12:00. Að fundinum standa Sænska sendiráðið á Íslandi og Íslensk-sænska viðskiptaráðið.

Klukkan 14:30 heimsækja Viktoría krónprinsessa og Daníel prins Hellisheiðarvirkjun, fræðast um vistvænar orkulindir Íslands og nýtingu þeirra, um íslensk jarðhitaverkefni erlendis sem og um efni sem varðar norrænt samstarf á vettvangi vísinda og stjórnmála. Þá munu hjónin heimsækja stoðtækjafyrirtækið Össur og kynnast starfsemi þess og hefst sú heimsókn klukkan 16:10.

Að kvöldi þessa fyrri dags heimsóknarinnar sitja Viktoría krónprinsessa og Daníel prins kvöldverð á Bessastöðum í boði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands og frú Dorrit Moussaieff forsetafrúar. Myndatökur verða heimilar í upphafi kvöldverðarins.

Síðari dag heimsóknarinnar halda gestirnir ásamt forseta Íslands og forsetafrú til Húsavíkur og fara þar í hvalaskoðun að morgni. Eiga fulltrúar fjölmiðla þess kost að fara í slíka ferð einnig en þó ekki í sama báti og gestirnir. Bátarnir verða í samfloti.

Klukkan 12:00 ganga gestirnir ásamt forsetahjónum og forsætisráðherra og konu hans frá borði, heilsa bæjarbúum og þiggja svo hádegisverð í boði forsætisráðherra.

Um hálf tvö halda gestirnir að Mývatni og skoða sig um í Námaskarði, halda svo áfram að Goðafossi og hafa þar stutta viðdvöl. Þá er haldið til Akureyrar þar sem efnt er til málstofu um málefni Norðurslóða í Háskólanum á Akureyri. Þar verður sagt frá margvíslegu starfi á Akureyri sem tengist Norðurskautsráðinu og rannsóknum á náttúru Norðurslóða.

Að þessu loknu verður haldið til Reykjavíkur og hinni formlegu heimsókn lýkur þar.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að vera viðstaddir framangreinda atburði.

*18. júní 2014*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Urður Gunnarsdóttir fjölmiðlafulltrúi (864 9974).*